

LÖG

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. másl. 2. mgr. 20. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Lífeyris-sjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu ið-gjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „65%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 75%.
- b. Raðtalan „6.“ í 1. másl. 4. mgr. fellur brott.
- c. Á eftir 1. másl. 4. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Eign lífeyrissjóðs í hluta-bréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.
- d. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: 60%.
- e. 1. másl. 7. mgr. orðast svo: Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyris-sjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta uppgjöri sem hefur verið kannað eða endur-skoðað af endurskoðanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 12. apríl 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.